

STJÓRNARTÍÐINDI B 48 – 1994

5. júlí 1994

1181

Nr. 376

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 339, 23. júní 1994
um loðnuveiðar 1994/1995.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Veiðar eru heimilaðar í lögsögu Íslands, Grænlands og Jan Mayen með eftirfarandi takmörkunum:

A. Veiðar í lögsögu Grænlands eru bannaðar sunnan $64^{\circ} 30'N$.

B. Veiðar eru bannaðar vestan $19^{\circ}V$ sunnan línu, sem dregin er um eftirfarandi punkta:

1. $67^{\circ} 45'N - 19^{\circ}00'V$

2. $67^{\circ} 45'N - 22^{\circ}00'V$

3. $66^{\circ} 00'N - 27^{\circ}00'V$

Syðri mörk svæðisins út af Vestfjörðum markast af $66^{\circ}00'N$.

Ráðuneytinu er heimilt að stöðva loðnuveiðar í lögsögu Jan Mayen, þegar íslensku skipin hafa veitt 60% af heildarafla sínum í lögsögu Jan Mayen.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. júlí 1994.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eypórsson.